



Fjölbrotaskóli Suðurlands

Barnabókmenntir

ÍSLE2BB05

Kennsluáætlun vorönn 2017

Kennarar:

Gísli Skúlason

Jón Özur Snorrason

Áfangalýsing:

Fjallað um barnabókmenntir í víðum skilningi: sögur, ævintýri, ljóð, teiknimyndir og myndabækur auk efnis fyrir sjónvarp og leikhús. Nemendur kynnst einkennum, formi, útbreiðslu, vinsældum og kröfum sem gerðar eru til barnabókmennta. Gert er ráð fyrir lestri mismunandi bókmenntatexta auk fræðilegrar umfjöllunar um barnabókmenntir. Fyrir liggur fjölbreytt verkefnavinna, verkleg, munnleg og skrifleg. Farið er fram á sjálfstæð, skapandi og vönduð vinnubrögð.

Markmið áfangans:

Þekkingarmarkmið þar sem nemandi þekkir og skilur:

- mismunandi frásagnaraðferðir og framsetningu í barnabókmenntum.
- málfar og orðaforða, innrætingu og túlkun barnabókmennta.
- samspil barnabókmennta, samfélags og menningar.
- inntak og einkenni þeirra verka sem lesin eru.
- tengsl barnabókmennta við siðferðisprosa.
- barnabókmenntir í sögulegu ljósi.

Leiknimarkmið þar sem nemandi hefur öðlast leikni í að:

- draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og tengja við eigin skoðanir.
- beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna þar sem skoðanir hans koma fram.
- lesa sér til gagns bókmenntaverk og fræðitexta um barnabókmenntir.
- flytja af nokkru öryggi niðurstöður sínar frammi fyrir hópi.
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmiða.

Hæfnimarkmið þar sem nemandi hagnýtir sér þekkingu sína og leikni til að:

- vinna skapandi og greinandi verkefni í tengslum við barnabókmenntir og fræðilega texta.
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu, beita rökum og komast að niðurstöðu.
- túlka texta barnabókmennta og greina merkingu undir yfirborði textans (undirtexti).
- meta uppeldisgildi barnabókmennta út frá ýmsum sjónarmiðum.
- bera barnabókmenntir saman við aðrar bókmenntagreinar.
- beita skýru og gallalausum máli í ræðu og riti.

Kennsluefni / lesefni:

- Silja Aðalsteinsdóttir. *Raddir barnabókanna* (valdar greinar).
- Einstakar greinar (úr Börn og menning) og efni frá kennara á múðlu.
- Sameiginlegur lestur á barnabókum og / eða textum eftir:
 - Stefán Jónsson. Sagan hans Hjalta litla.
 - Þorvaldur Þorsteinsson. Skilaboðaskjóðan.
 - Andri Snær Magnason. Sagan af bláa hnettinum.
 - Astrid Lindgren. Ronja ræningjadóttir.
 - Margrét Örnólfsdóttir. Aþena að eilífu kúmen **eða** Þórarinn Leifsson. Maðurinn sem hataði börn.

Handbækur og vefir:

- Silja Aðalsteinsdóttir. *Íslenskar barnabækur 1780 – 1979*. [Saga íslenskra barnabókmennta.]
- Anna María Birgisdóttir. *Sögupræðir*. [Um þúsund barnabækur kynntar.]
- *BarnUng*. Vefur um barna- og unglingabókmenntir. [<http://mennta.hi.is/vefir/barnung/>]
- *Bókmenntavefurinn*. [<http://www.bokmenntir.is>]
- *Börn og menning*: tímarit á bókasafni FSu.

Námsmat :

- 50% Skilaverkefni, umræður, flutningur, ritun, útdráttur og próf.
- 20% Próf og/eða ritun úr Röddum barnabókanna.
- 10% Mæting (mínus 1% í Innu = mínus 1 í mætingaeinkunn).
- 20% Lokaverkefni, unnið og kynnt.

Verkefnaskil:

Öllum verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Dregið verður frá einkunn ef verkefni berast innan þriggja daga frá skiladegi. Eftir þann tíma verður ekki tekið við verkefnum og viðkomandi fær einkunnina 0. Fáir nemandi 0 fyrir þjú skilaverkefni telst hann hafa sagt sig úr áfanganum.

Tímaáætlun og yfirferð efnis:

Vika	Dags.	Viðfangsefni
1	5.-6. janúar	Kynning á efni og fyrirkomulagi ágangans. Eftirlætissagan.
2	9.-13. janúar	Kynning á sögu barna- og unglingabókmennta á Íslandi. Raddir barnabókanna 9-37, 201-213.
3	16.-20. janúar	Ævintýri – eru þau fyrir börn? Skilaboðaskjóðan lesin. Raddir 101-151.
4	23.-27. janúar	Sagan hans Hjalta litla , próf og verkefni.
5	30. jan.-3. febrúar.	Bækur fyrir ung börn. Bækur að eigin vali í verkefnavinnu. Raddir 38-78.
6	6.-10. febrúar	Sagan af bláa hnettinum lesin, próf og verkefni.
7	13.-17.febrúar	Ljóð fyrir börn - umræða, athuganir og verkefni.
8	20.-24. Febrúar Kátir dagar og flóafár miðv.-föstud.	Ronja ræningjadóttir , próf og verkefni. Bækur fyrir unga lesendur. Raddir 79-101.
9	27. feb.-3. mars Miðannamat hefst	Vinsælir bókaflokkar, próf og verkefni.
10	6. – 10. mars	Raunsæi í barna- og unglingabókum. Raddir 152-177.
11	13.-17. mars Vorfrí þann 17. mars	Teiknimyndir.
12	20.-24. mars	Maðurinn sem hataði börn eða Aþena að eilífu kúmen. Unglingabækur, umræða, verkefni. Raddir 178-200.
13	27.-31. mars	Afþreyingarbækur. Raddir 214-236. Próf tengt Röddum barnabókanna.
14	3.-7. apríl	Lokaverkefni valin og unnin.
15	8.-14. apríl	Páskafrí.
16	16. – 18. apríl Páskafrí 19. og 21. apríl Sumardagurinn fyrsti 20. apríl	Páskafrí ... kennsla hefst á miðvikudegi. Lokaverkefni unnin.
17	24.-28. apríl	Lokaverkefni unnin.
18	1. – 5. maí Frí 1. maí	Fyrirlestrar nemenda (lokaverkefni) um barna- og unglingaefni. Tímaritgerð um lesefni áfangans.
19	8.-10. maí	Fyrirlestrum lokið. Samantekt.

Með fyrirvara um breytingar á kennsluáætlun og ósk um áhuga, jákvæðni og góða þátttöku.

Gísli Skúlason, Jón Özur Snorrason